

93. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

04. 04. 2018 kl. 8:15 – 09:45

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Kristín Hermannsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Helga Árnadóttir, Þorvarður Árnason, Eyjólfur Guðmundsson, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Vilhjálmur Magnússon og Hrafnkell Guðnason.

Fjarverandi: Olga Ingólfisdóttir, Bjarni Guðmundsson, Katrín Jónsdóttir

1. Kynningarefni frá Nýheimum

Kristín Vala Þrastardóttir verkefnastjóri Nýheima kom inná fundinn og kynnti skipulag vegna greinaskrifa til kynningar á starfsemi stofnana Nýheima. Einnig sagði hún frá kynningarbæklingi um Nýheima sem er í vinnslu. Umræður sköpuðust um innihald bæklingins, verkefnastjóra falið að vinna áfram að málinu.

2. Fræðslunet Suðurlands

Sædís Ösp Valdemarsdóttir kom inná fundinn og sagði stuttlega frá því sem hún fæst við í starfi sínu fyrir Fræðslunet Suðurlands á Hornafirði. Fulltrúar Fræðslunetsins og Nýheima þekkingarseturs funduðu fyrir páska um gerð samstarfssamnings milli stofnananna.

3. Ársreikningur NP

Hugrún Harpa fór yfir drög að ársreikningi og gerði grein fyrir helstu liðum hans. Stjórn gerir ekki athugasemdir. Verður ársreikningur lagður fyrir ársfund þann 18. apríl.

4. Verkefnastaða NP

Hugrún Harpa fór yfir stöðu verkefna hjá setrinu og greindi frá því helsta sem er á döfinni.

5. Önnur mál

Eyjólfur Guðmundsson ræddi málefni veitingasölu og hugmyndir um fyrirkomulag við rekstur hennar næsta vetur.

Kristín Hermannsdóttir greindi frá því að Náttúrustofa Suðausturlands vinnur að ráðningu þriðja starfsmanns á Hornafirði.

Vilhjálmur Magnússon sagði frá því að spænskur nemandi er væntanlegur í heimsókn í Vöruhúsið á næstu dögum. Einnig greindi Vilhjálmur frá því að verið er að hefja viðræður við Nýsköpunarmiðstöð um samstarf.

Helga Árnadóttir greindi frá því að verið er að leggja lokahönd á fræðsluáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Fundi slitið klukkan 09:45

Hugrún Harpa Reynisdóttir
Kristín Hermannsdóttir